



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2019

Fullyrðingar Base Capital um BaseParking

I.

Erindið

Neytendastofu barst kvörtun Isavia ohf. yfir markaðssetningu Base Capital ehf. (áður No Capital ehf.) á þjónustu BaseParking með bréfi, dags. 26. júlí 2018. Gerð er sú krafa að Neytendastofa ákvarði að Base Capital hafi í markaðssetningu BaseParking brotið gegn ákvæðum 5. gr., 6. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Jafnframt er gerð sú krafa að Neytendastofa banni hina óréttmætu viðskiptahætti að viðlögðum stjórnvaldssektum og dagsektum, sbr. 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. laga nr. 57/2005.

Í bréfinu segir að Isavia reki meðal annars Keflavíkurflugvöll og Flugstöð Leifs Eiríkssonar og bjóði upp á bílastæði og bílapjónustu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Isavia hafi þann 2. júlí 2018, orðið vart við markaðssetningu Base Capital undir merkjum BaseParking þar sem fullyrt væri að Base Capital bjóði upp á „*ódyrasta daggjaldið*“ auk þess sem fullyrt væri að fyrirtækið byði upp á „*58% ódyrara daggjald*“. Markaðssetningin væri í formi Google Adwords auglýsingar. Isavia hafi haft samband við forsvarsmenn Base Capital þann 5. júlí 2018 og farið fram á að látið yrði af óréttmætum og villandi viðskiptaháttum með fyrrgreindri fullyrðingu fyrirtækisins. Base Capital hafi svarað erindinu þann 6. júlí 2018 og hafnað því að fyrrgreind fullyrðing fæli í sér óréttmæta og villandi viðskiptahætti.

Það sé mat Isavia að fullyrðingar Base Capital, sem notaðar séu við kynningu og markaðssetningu á þjónustu fyrirtækisins, „*ódyrasta daggjaldið*“ og „*58% ódyrara daggjald*“, eigi ekki við rök að styðjast og ljóst sé að Base Capital geti ekki sannað umræddar fullyrðingar samanber 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Fullyrðingarnar séu ruglandi fyrir neytendur en af auglýsingunni megi draga þá ályktun að Base Capital bjóði ávallt „*ódyrasta daggjaldið*“ og „*58% ódyrara daggjald*“. Sú sé hins vegar ekki raunin. Þvert á móti sé lagning bíla, allt upp að fjórum dögum, ódyrari á bílastæði Isavia en á bílastæði Base Capital en þrír dagar á bílastæði Isavia kosti 5.250 kr. á meðan þjónusta Base Capital fyrir sama dagafjölda kosti 6.500 kr. Miðist útreikningarnir við dýrasta verð Isavia. Kynningar- og markaðssetning Base Capital muni gera það að verkum að neytendur taki ákvörðun um að eiga viðskipti á grundvelli rangra



og villandi upplýsinga. Ljóst sé því að umrædd auglýsing sé mjög óeðlileg og ósanngjörn gagnvart keppinautum og neytendum samanber 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá sé enn fremur ljóst að Base Capital geti ekki fært sönnur á fullyrðingarnar samanber 4. mgr. 6. gr. sömu laga.

Þá sé það mat Isavia að framsetning verðskrár á heimasíðu Base Capital sé einnig nokkuð villandi samanber d. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Í verðskrá sé ekki skýrlega tilgreint að forsenda þess að neytendur geti nýtt sér þjónustu þess sé sú að starfsmenn Base Capital sækja bifreiðina í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og skili henni þangað aftur, þ.e.a.s. að lágmarksgjald sé 5.500 kr. Þannig sé alltaf innifalið í verðinu að sækja og senda bifreiðina og ekki sé hægt að komast hjá því gjaldi. Þegar verðskrá Base Capital sé skoðuð í samhengi við markaðssetningu þess á bílastæðum sem beri ódýrasta daggjaldið, sé fyllilega ljóst að um villandi viðskiptahætti sé að ræða samanber d. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Fullyrðing Base Capital um „*ódýrasta daggjaldið*“ og „*58% ódýrara daggjald*“ lýsi því að bílastæði Base Capital séu ávallt ódýrustu bílastæðin í boði fyrir ferðalanga sem fara í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar sem Base Capital geti ekki fært sönnur fyrir fullyrðingunni séu þessir viðskiptahættir að mati Isavia til þess fallnir að veita neytendum rangar og villandi upplýsingar um helstu einkenni þjónustunnar, eðli hennar og útreikning á verði, verð vörunnar og aðferð við útreikning samanber a., b., og d. liði 1. mgr. 9. gr. laganna og feli þar með í sér óréttmæta viðskiptahætti samanber 8. gr. laganna. Þá séu þessir viðskiptahættir ósanngjarnir gagnvart keppinautum og til þess fallnir að hafa áhrif á eftirspurn, samanber 14. gr. sömu laga. Að auki feli þeir í sér villandi samanburð við þjónustu Isavia samanber a. lið 2. mgr. 15. gr. laganna, sem sé helsti keppnisaðili um geymslu bifreiða ferðalanga sem fari um flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2018 hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Base Capital hafi með samskonar háttsemi brotið gegn lögum nr. 57/2005 og því sé um ítrekaða háttsemi að ræða. Stofnunin hafi komist að þeirri niðurstöðu að Base Capital hafi, með birtingu fullyrðingar um ódýrustu bílastæðin við Leifsstöð, brotið gegn ákvæðum d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005. Þá hafi Neytendastofa jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að Base Capital hafi með ófullnægjandi upplýsingum á vefsíðunni baseparking.is, um skilyrði kaupa á „valet“ þjónustu til þess að nýta þjónustu fyrirtækisins, brotið gegn 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005. Base Capital hafi verið bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og gert skylt að gera viðeigandi breytingar á markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðunni innan fjögurra vikna frá dagssetningu ákvörðunarinnar. Yrði Base Capital ekki við því gæti félagið búist við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Upplýsingar á heimasíðu Base Capital séu því enn villandi í samanburði við fullyrðingar félagsins um ódýrasta daggjaldið og því sé ljóst að félagið hafi ekki látið af þeirri háttsemi sem því var skylt að gera. Verði því að líta til fyrri háttsemi Base Capital og ákvörðunar Neytendastofu í kjölfarið við úrlausn þessa máls.



Með vísan til alls ofangreinds sé það mat Isavia að kynningar og markaðssetning kærða undir merkjum Base Parking á „ódyrasta daggjaldið“ og „58% ódyrara daggjald“ sé villandi og feli í sér óréttmæta viðskiptahætti. Að mati Isavia brjóti framangreint í bága við 5., 6., 8., 9. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

Í ljósi alls framangreinds sé farið fram á að Base Capital verði bannað að viðhafa hina óréttmætu viðskiptahætti innan 10 daga frá birtingu ákvörðunar að viðlögðum stjórnvaldssektum og dagsektum, sbr. 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. laga nr. 57/2005.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Isavia var sent Base Capital til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. ágúst 2018. Í bréfinu kom fram að sú háttsemi sem kvartað væri yfir kynni að brjóta gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2018.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

2.

Með bréfi Isavia, dags. 17. ágúst 2018, bárust frekari gögn frá fyrirtækinu vegna kvörtunar þess á hendur Base Capital. Í bréfinu var vísað til útvarpsþáttarins Reykjavík síðdegis á Bylgjunni, þann 8. ágúst 2018, þar sem rætt hefði verið við forsvarsmann Base Capital um verð á bílastæðum við Leifsstöð. Þar hefði viðkomandi fjallað um að daggjald þeirra væri lægra en Isavia án þess að þar væri tekið fram það fasta grunnjald sem viðskiptavinir Base Capital þurfi að greiða vilji þeir eiga viðskipti við fyrirtækið. Líkt og fram komi í fyrra erindi Isavia sé villandi þegar rætt sé um verð Isavia og Base Capital á bílastæðum við Leifsstöð að talað sé um að mikill munur sé á verðum þessara aðila þegar sleppt sé að taka fram umrætt grunnjald Base Capital að fjárhæð fimm þúsund krónur.

Jafnframt sé daggjald þess ódyrara en 1.750 kr. á langtímastæðum fyrir viðskiptavini sem bóki bílastæði á heimasíðu, því verði að telja framsetningu Base Capital, í áður nefndu viðtali, villandi. Isavia telji að með þessum ummælum hafi Base Capital farið gegn lögum nr. 57/2005, og því til stuðnings sé vísað til 6. tölul. 3. gr. laganna þar sem fram komi að viðskiptahættir séu markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu. Háttsemi Base Capital verði því að teljast falla undir gildissvið laganna. Í bréfinu var einnig vísað til 5., 8., 9. og 14. gr. laga nr. 57/2005.



3.

Bréf Isavia var sent Base Capital til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. ágúst 2018. Ekkert svar barst stofnuninni sem sendi ítrekun, dags. 24. september 2018. Ekkert svar barst Neytendastofu. Með bréfi, dags. 9. nóvember 2018, var Base Capital tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og fyrirtækinu yrði tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar um leið og hún lægi fyrir.

4.

Með bréfi Neytendastofu til Base Capital, dags. 27. nóvember 2018, var óskað eftir frekari skýringum vegna verðskrár fyrirtækisins. Benti stofnunin á að á heimasíðu fyrirtækisins væri tilgreint í sundurliðun verðskrár að svonefnd „valet“ þjónusta, sem felist í því að sækja og afhenda bíl, væri frí fyrir neytendur. Verðskráin samanstandi af geymslugjaldi og grunngjaldi og í lýsingu á þjónustu Base Parking standi orðrétt:

„Við hittum þig upp við Leifsstöð, á sama stað og þú myndir fara til þess að skutla farþegum í flug. Þar mætum við þér og tökum við bílnum á meðan þú gengur beint inn í Leifsstöð. Við heimkomu þá skilum við bílnum til þín heim megin sem þú kemur út úr tollinum. Hægt er að panta bón á bílinn sem aukþjónusta sem og smurþjónusta, en það er ekki skylda“

Að mati stofnunarinnar gæti auglýsing fyrirtækisins gefið til kynna verðhagræði fyrir neytendur sem væri óraunverulegt og auglýsingin þannig til þess fallin að teljast í andstöðu við d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., 11. gr. og 8. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Þá benti Neytendastofa á reglugerð nr. 160/2009 þar sem væri að finna lista yfir viðskiptahætti sem í öllum tilvikum teljist óréttmætir, svonefndur svartur listi. Í 20. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar sé algjört bann lagt við því að notuð séu orð eins og ókeypis, frítt eða án endurgjalds, ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað fyrir vöruna en kostnað við að svara boðum um vöruna eða sækja hana.

Áður en málið yrði tekið til ákvörðunar óskaði stofnunin því eftir nánari skýringum Base Capital á því hvað fælist í orðalaginu um að „valet“ þjónusta væri frí þar sem ekki er hægt að nýta sér „valet“ þjónustuna án þess að greiða grunnjald og geymslugjald fyrir bifreiðina. Ekkert svar barst Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Isavia ohf. yfir viðskiptaháttum Base Capital ehf., rekstraraðila BaseParking, í tengslum við markaðssetningu á þjónustu sem félagið býður. Kvörtun Isavia er tvíþætt. Í fyrsta lagi er kvartað yfir fullyrðingum Base Capital um að BaseParking bjóði „ódyrasta daggjaldið“ og „58% ódyrara daggjald“ í markaðssetningu félagsins. Í öðru lagi er



kvartað yfir því að framsetning verðskrár á heimasíðu Base Capital sé villandi þar sem ekki sé skýrlega greint frá því að lágmarksgjald að upphæð 5.500 kr. sé ávallt innifalið í verði þjónustunnar.

Í erindinu er rakið að Isavia telji ofangreinda háttsemi Base Capital brjóta gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a., b. og d. liða 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá hefur komið fram af hálfu Neytendastofu að tilgreining fyrirtækisins í verðskrá þess um fría „valet“ þjónustu kunni að brjóta gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., 11. gr. og 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009.

Engin svör bárust af hálfu Base Capital til Neytendastofu.

2.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Þá er í 2. mgr. 8. gr. kveðið á um að ráðherra kveði á um, í reglugerð, þá viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir sbr. reglugerð nr. 160/2009. Þar segir orðrétt í 20. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar að það teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir



viðskiptahættir „að lýsa vöru með orðunum "ókeypis", "frítt", "án endurgjalds" eða á móta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins.“

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Samkvæmt a., b. og d. lið er átt við rangar upplýsingar um:

- „a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,*
- b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar, [...]*
- d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Samkvæmt ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Í 11. gr. laga nr. 57/2005 segir að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt sé á lækkuðu verði, megi því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá skuli þess gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.



Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyri þar undir. Í umfjöllun um ákvæðið segir t.d. að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð og falli því undir ákvæði laganna. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr.

Ákvæði a. liðar 2. mgr. 15. gr. er svohljóðandi:

„Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. þær séu ekki villandi,[...]“

3.

Í máli þessu liggur fyrir að No Capital (nú Base Capital) var með ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2018, bönnuð birting fullyrðingar um ódýrustu bílastæðin en þar komst Neytendastofa m.a. að þeirri niðurstöðu að fullyrðingin fæli í sér villandi samanburð, væri ósönn og bryti gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr., 14. gr. og a. liðar 2. mgr. 15. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Kom orðrétt fram í niðurstöðu ákvörðunarinnar:

„Skal þá litið til þeirra fullyrðinga NO Capital að félagið bjóði ódýrustu bílastæðin. Eins og fram kemur í gögnum málsins greiða þeir neytendur sem nýta sér þjónustu NO Capital ávallt fyrir „valet“ þjónustu auk daggjalds eftir því hversu lengi bifreiðin er geymd. Þar sem „valet“ þjónustan er órjúfanlegur hluti af verði þjónustu NO Capital og kemur ávallt til greiðslu getur félagið ekki gert verðsamanburð eingöngu á daggjaldi bílastæða sinna við daggjald bílastæða annarra þjónustuveitanda sem ekki gera kröfu um greiðslu fyrir slíka viðbótarþjónustu. Í því felst villandi samanburður sem brýtur gegn a. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005 auk þess að vera ósanngjarn gagnvart keppinauti og til þess fallinn að hafa áhrif á eftirspurn og brjóta þannig gegn 14. gr. laganna. Þegar litið er til heildarverðs neytenda á þjónustu NO Capital fyrir hvern dag sýna gögn málsins bersýnilega að þjónusta NO Capital er dýrari þjónustu Isavia fyrir allt að sex daga notkun. Fullyrðing NO Capital um ódýrustu bílastæðin er því ósönn og brýtur gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005.“

Fyrir liggur í málinu að þrátt fyrir framangreinda ákvörðun þá hafa fullyrðingar um að félagið bjóði ódýrustu bílastæðin komið fram í markaðsefni Base Capital eftir að ákvörðunin var tekin. Þá eru enn uppi sömu forsendur að því er varðar grunnjald fyrirtækisins sem er órjúfanlegur þáttur af verði þjónustunnar og leiðir til þess að verðsamanburður byggður eingöngu á



daggjaldi Base Capital, samanborið við daggjald bílastæða annarra þjónustuveitenda sem ekki gera kröfu um grunnjald, sé villandi samanburður. Sýna gögn málsins jafnframt að þjónusta Base Capital er dýrari en dýrasta þjónusta Isavia fyrir allt að þriggja daga notkun og að Isavia sé með ódýrustu bílastæðum sínum ódýrari en Base Capital fyrir allt að fimm daga notkun miðað við bókunarvef Isavia þann 16. janúar 2019. Álitafnið í máli þessu er því það sama og í fyrri ákvörðun Neytendastofu, nr. 1/2018, þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að um villandi samanburð væri að ræða sem væri ósanngjarn gagnvart keppinauti auk þess sem fullyrðing um ódýrustu bílastæðin væri ósönn og villandi. Ljóst er af framangreindu að Base Capital hefur ekki breytt markaðsefni sínu í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar og hefur því með ofangreindum viðskiptaháttum brotið gegn ákvörðun Neytendastofu, frá 19. mars 2018, í máli nr. 1/2018.

Skal þá litið til framsetningar verðskrár á heimasíðu Base Capital, baseparking.is. Fram kemur í verðskrá fyrirtækisins að því er varðar verðskrá fyrir geymslu á bíl, að geymslugjaldið sé 500 kr. fyrir sólarhring auk 5.000 kr. grunnjalds. Þá kemur jafnframt fram að svonefnd „*Valet þjónusta*“, sem felst í því að sækja og afhenda bílinn við Leifsstöð, sé frí. Ljóst er þegar heimasíða BaseParking er skoðuð að ekki er hægt að nýta sér „*valet þjónustu*“ fyrirtækisins án þess að greiða einnig grunnjald og geymslugjald. Umrædd „*valet þjónusta*“ er þar af leiðandi, að mati Neytendastofu, órjúfanlegur þáttur af hinu fasta lágmarksgrunnjaldi þjónustunnar, að upphæð, 5.500 kr., (gjald per sólarhring og grunnjald). Því er ekki um fría þjónustu að ræða. Telur Neytendastofa framsetningu verðskrár á hinni „fríu þjónustu“ villandi. Því telur Neytendastofa að auglýsingar Base Capital á vefsíðu BaseParking brjóti gegn 1.mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 20. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna.

Að teknu tilliti til framangreinds telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með tilliti til umfangs brotsins, fyrri ákvörðunar stofnunarinnar sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnvísulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Base Capital stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 250.000- (tvöhundruðogfimmtíuþúsundkrónur).



IV.

Ákvörðunarorð:

„Base Capital ehf., Dalapíngi 34, Kópavogi, rekstraraðli BaseParking, braut gegn ákvörðun Neytendastofu, nr. 1/2018, *Fullyrðingar í markaðsefni NO Capital á þjónustu BaseParking*, með birtingu fullyrðinga um „ódyrasta daggjaldið“ og „58% ódyrara daggjald“.

Base Capital ehf. hefur með fullyrðingu um fría „valet“ þjónustu í verðskrá á vefsíðunni baseparking.is, brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 20. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Base Capital ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og skal félagið gera viðeigandi breytingar á markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðu innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Base Capital ehf., að fjárhæð kr. 250.000- (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 23. janúar. 2019

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir